

## Fundargerð

### Aðalfundur FHA 19. maí 2021 kl. 15

Hjördís Sigursteinsdóttir formaður FHA setti fundinn með dagskrá. Stungið var upp á Guðmundi Kr. Óskarssyni sem fundarstjóra og Margrét Elísabetu Ólafsdóttur sem fundaritari, sem fundarmenn samþykktu.

#### 1. Fundargerð

Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram. Hún var samþykkt án athugasemda.

#### 2. Ársskýrsla stjórnar

Hjördís Sigursteinsdóttir fylgdi úr hlaði *Skýrslu stjórnar Félags háskóla­kennara á Akureyri starfsárið 2018-2019*, sbr. fylgiskjal. Formaður skýrði einstök atriði samhliða yfirferð yfir skýrsluna.

Skýrslan var samþykkt án athugasemda.

#### 3. Endurskoðaðir reikningar

Ása Guðmundsdóttir, lagði fram endurskoðaða ársreiknina fyrra starfsárs og skýrði frá fjárhag félagsins. Reikningar voru samþykktir án athugasemda.

#### 4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga.

Nýir félagar samþykktir.

#### 5. Ákvörðun um árgjald.

Stjórn lagði til óbreytt árgjald eða 1% af heildarlaunum félagsmanna. Tillagan var samþykkt.

#### 6. Tillögur til lagabreytinga.

Formaður sendi svohljóðandi tillögu að lagabreytingu 16. apríl :

Í núverandi lögum segir:

„Félagsmenn í Félagi háskóla­kennara á Akureyri geta orðið starfsmenn Háskólans á Akureyri, tengdra stofnana og samstarfsstofnana sem hafa a.m.k. BA/BS próf eða sambærilegt próf frá viðurkenndum háskóla“.

Lögð fram eftirfarandi breytingatillaga:

„Félagsmenn í Félagi háskóla­kennara á Akureyri geta orðið starfsmenn Háskólans á Akureyri, tengdra stofnana og samstarfsstofnana sem hafa lokið háskólaprófi frá viðurkenndum háskóla“.

Formaður gerði grein fyrir tilurð breytingartillögunnar. Gengið til atkvæðagreiðslu um tillöguna. 40 greiddu atkvæði. 33 voru samþykki. 1 á móti. 6 sátu hjá.

#### 7. Kosning formanns

Hjördís Sigursteinsdóttir bauð sig fram til endurkjörs. Engin mótframboð bárust. Formaður kosinn einróma.

8. Kosning stjórnar.

Aðalmenn:

Guðmundur Kristján Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru endurkjörin til tveggja ára, án mótframboðs. Sigríður Sía Jónsdóttir gerði grein fyrir brotthvarfi sínu úr stjórn.

Eftir nokkrar umræður um kjör stjórnar og lengd stjórnarsetu var lagt til að kosið yrði um ný framboð og var það samþykkt.

Margrét Elísabet Ólafsdóttir, bauð sig fram til að taka sæti sem aðalmaður í eitt ár vegna brotthvarfs Sigríðar Síu. Greidd voru atkvæði. 22 samþykktu. 1 var á móti.

Stefán Guðnason, gaf kost á sér sem varamaður. Kallað var eftir framboðum í sæti annars varamanns. Ingibjörg Sigurðardóttir gaf kost á sér. Ekkert annað framboð barst. Ákveðið var að ganga til atkvæðagreiðslu á milli 1 og 2 varamanns. Stefán hlaut 22 atkvæði og Ingibjörg 12 atkvæði.

9. Kosning samninganefndar.

Kallað var eftir framboðum. Guðmundur Kristján Óskarsson, Hjördís Sigursteinsdóttir, Auðbjörg Björnsdóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í samningnefnd. Þau voru einróma kjörin til eins árs.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings.

Kallað var eftir framboðum. Enginn gaf sig fram. Stefán Jóhannsson og Stefán Sigurðsson gáfu kost á sér áfram og voru einróma endurkjörnir. .

11. Önnur mál.

- a. Vinnumatssjóður. Fundarmenn lýstu áhyggjum sínum yfir stöðu sjóðsins og sköpuðust miklar umræður um málið. Þeim lauk með því að hvatt var til frekari fundarhalda meðal félagsmanna og samstöðu í samskiptum við yfirstjórn til að þrýsta á leiðréttingu. .

- b.

Fleira var ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 16.25

Margrét Elísabet Ólafsdóttir, fundarritari